



Orkubú Vestfjarða

Ísafjarðarbær

Vt. Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri

Hafnarstræti 1

400 Ísafjörður

Ísafirði 22. janúar 2018

**Varðar: Vatnsréttindi sem áður tilheyrðu Ísafjarðarbæ**

Með vísan til fundargerðar 411. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðar þ. 18. janúar 2018 vill Orkubú Vestfjarða áréttta að vatnsréttindi sem voru í eigu Ísafjarðarkaupstaðar og/eða þeirra sveitarfélaga sem síðar sameinuðust Ísafjarðarbæ, við stofnun Orkubús Vestfjarða voru afhent Orkubúinu með samningi um yfirtöku Orkubús Vestfjarða á rekstri Rafveitu Ísafjarðar, þ. 30. desember 1977, en samningurinn var undirritaður af stjórn OV og f.h. bæjarstjórnar Ísafjaðar af Bolla Kjartanssyni þáverandi bæjarstjóra. Þá var gefið út afsal vegna sömu réttinda ofl. þann 1. desember 1978 með undirritun sömu aðila og að ofan greinir.

Í samningnum segir í 5. grein:

*„Frá og með 1. janúar 1978 afhendir bæjarstjórn Ísafjarðar Orkubúi Vestfjarða allan rétt til virkjunar vatnsafls, jarðhita og fallvatns, sem Ísafjarðarkaupstaður eða Rafveita Ísafjarðar á eða kann að eiga í löndum kaupstaðarins, rafveitunnar eða annars staðar og kaupstaðurinn kann að hafa samið um. Nær þetta jafnt til þekktra sem óþekktra réttinda. Jafnframt er Orkubúi Vestfjarða veittur réttur til hvers konar rannsókna og tilraunaborana í löndum Ísafjarðarkaupstaðar og hagnýtingar þerra upplýsinga er við það fást, en gefa skal bæjarstjórn Ísafjarðar kost á að fylgjast með rannsóknum og niðurstöðum þeirra. Hafa skal samráð við bæjarstjórnina áður en rannsóknir eða boranir eru ákveðnar og haga þeim svo að sem minnst röskun verði fyrir kaupstaðinn eða íbúa hans.“*

Sambærilegt ákvæði er að finna í 5. grein afsalsins.

Samningur sem Ísafjarðarbær hefur undirritað við AB-Fasteignir getur því aðeins tekið til annarra þátta en vatnsréttindanna.

Orkubú Vestfjarða vill hinsvegar gjarnan að virkjunin verði að veruleika og lýsir fyrirtækið sig því reiðubúið til að gerast aðili að samningi þeim sem Ísafjarðarbær hefur gert við AB-Fasteignir hvað ráðstöfun vatnsréttinda á grundvelli greinar 3.1 í samningum varðar, þar sem það er mat Orkubús Vestfjarða að samkvæmt ofanrituðu sé Orkubú Vestfjarða lögmætur eigandi þeirra vatnsréttinda í Úlfssá sem voru í eigu Ísafjarðarbæjar við stofnun Orkubús Vestfjarða.

Með vinsemd,  
f.h. Orkubús Vestfjarða

Elías Jónatansson, orkubússtjóri

**Hjálagt:**

Samningur Orkubús Vestfjarða og Ísafjarðarbæjar um yfirtöku á Rafveitu Ísafjarðar, 30.12. 1977.

Afsal bæjarstjórnar Ísafjarðar á öllum eignum Rafveitu Ísafjarðar til Orkubús Vestfjarða, 1.12. 1978.